Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 468/1994. **Hilda Hafsteinsdóttir**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
dómsmálaráðherra og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1994. Hún gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér 1.000.000 króna eða aðra lægri fjárhæð með nánar tilgreindum vöxtum frá 18. mars 1993 til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki felldur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 27. júní 1994. Í þinghaldi 2. september 1994 var eftirfarandi bókað: „Lögmenn og dómari eru sammála um, að ekki sé þörf á endurupptöku málsins, þótt liðið sé meira en fjórar vikur frá dómtöku málsins, sbr. 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Er nú kveðinn upp svohljóðandi dómur:. . .“ Í héraðsdómi er engin skýring gefin á drætti á dómsuppsögu eftir aðalflutning.

Samkvæmt framansögðu var málið endurupptekið og dæmt án munnlegs málflutnings að nýju, er níu vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Í 1. mgr. 191. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var sagt, að venjulega skyldi kveða upp dóma í munnlega fluttum málum, áður en annað mál yrði tekið til flutnings og jafnan svo fljótt sem við yrði komið. Í skriflega fluttum málum skyldi dómi lokið á mál eigi síðar en þremur vikum eftir dómtöku.

Samkvæmt 1. mgr. 115. gr. núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 skal dómur kveðinn upp svo fljótt sem unnt er. Hafi dómur ekki verið kveðinn upp í munnlega fluttu máli innan fjögurra vikna frá dómtöku þess, skal það flutt að nýju, nema dómari og aðilar telji það óþarft. Í athugasemdum með frumvarpi til hinna nýju laga kemur fram, að um nokkuð breyttar reglur sé að ræða frá hljóðan eldri ákvæða, en í framkvæmd hafi þó verið beitt verklagi, er svipi mjög til ákvæða 1. mgr. 115. gr. Er þá til þess að líta, að Hæstiréttur hefur mótað þá dómvenju um langt árabil, að héraðsdómar hafa einlægt verið ómerktir, ef uppsaga þeirra hefur dregist úr hömlu.

Svigrúm héraðsdómara og lögmanna aðila til samkomulags um, að ekki sé þörf á að endurflytja mál, ef uppsaga þess dregst umfram fjórar vikur frá dómtöku, verður samkvæmt framansögðu að sæta takmörkunum. Með hliðsjón af fordæmum Hæstaréttar þykir rétt að líta svo á, að héraðsdómur verði að jafnaði ekki kveðinn upp að réttu lagi án raunverulegs endurflutnings, ef liðnar eru átta vikur frá munnlegum málflutningi, enda getur hann ekki komið að því gagni, sem til er ætlast, þegar dómsuppsaga dregst svo lengi.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.